

# SALVADOR DALI

GRAFÍK



SÝNING AÐ KJARVALSSTÖÐUM  
21. október - 5. nóvember 1978

MYNDKYNNING

# Myndaskrá:

1. Blómabörn nr. 3 í myndröð	æting í lit	1970
2. - - 6 -	- - -	1970
3. - - 9 -	- - -	1970
4. Sýnir Quevedos (úr myndröð við ritið „Vida del buscon“ eftir Franciso de Quevedo)	þurnál, handlituð	1974
5. - - -	- - -	1974
6. - - -	- - -	1974
7. - - -	- - -	1974
8. - - -	- - -	1974
9. - - -	- - -	1974
10. "Framboisier"	steinþrykk + æting	1970
11. "Reverence du Groseiller"	- - -	1970
12. "Esplanade des Invalides"	æting í lit	1963
13. Sigur nautabánans (úr Carmen)	steinþrykk	1970
14. "Chevaliers en tournoi"	þurnál, handlituð	1973
15. Nautið fellt (úr Carmen)	steinþrykk	1970
16. "Stockholms slott"	þurnál + koparstunga	1976
17. „Kýmera Hóratíusar“	steinþrykk upphleypt	1972
18. Rómverskur hermaður	- - -	1972
19. Miðalda riddarinn	- - -	1972
20. Heilagur Georg	- - -	1972
21. Riddari dauðans	- - -	1972
22. Sæhesturinn	- - -	1972
23. „Allegoría“: bónorð riddarans (úr De Sade)	- - -	1969
24. Tíðægra I (úr Decamerone eftir Boccaccio)	þurnál, lituð	1973
25. - II	- - -	1973
26. - III	- - -	1973
27. - IV	- - -	1973
28. - V	- - -	1973
29. - VI	- - -	1973
30. - VII	- - -	1973
31. - VIII	- - -	1973
32. - IX	- - -	1973
33. - X	- - -	1973
34. Kráin (úr Carmen)	steinþrykk	1970
35. Loforð Adelaide (úr De Sade)	- - -	1969
36. „Allegoría“: Brave Cecile! (úr De Sade)	- - -	1969
37. "Whoever takes Carmen (úr Carmen)	- - -	1969
38. Tristan og Ísodd IV	þurnál, lituð	1969
39. - - - VIII	- - -	1969
40. - - - IX	- - -	1969
41. - - - I	- - -	1969
42. - - - III	- - -	1969
43. - - - VII	- - -	1969
44. - - - XII	- - -	1969
45. - - - X	- - -	1969
46. - - - XIII	- - -	1969
47. - - - XVI	- - -	1969
48. - - - XIX	- - -	1969
49. - - - XVIII	- - -	1969
50. - - - XXI	- - -	1969
51. - - - XV	- - -	1969
52. "Homme Figuier"	steinþrykk + æting	1970
53. "Pomme et Poire trouées"	- - -	1970
54. Adam og Eva	lituð æting; akvatinta	1970
55. Veðreiðahesturinn	steinþrykk upphleypt	1972
56. Dauði Carmen nr. 25 (úr Carmen)	- - -	1970
57. Marianna og riddarinn (úr De Sade)	- - -	1969



# Salvador Dali

Öld Salvador Dali er öld auglýsingaskrums, og það hefur hann notfært sér með ýtrasta hætti. Því er hann mörgum kunnari sem brellukóngurinn mikli, með einglyrnið og uppsnúið skeggið, heldur en eitthvert innhverfasta sjónskáld okkar tíma. Þessvegna glymur það hærra um veröldina þegar hann gengur frá borði á Orly við Paris með sjö metra langt franskbrauð undir hendinni eða stekkur alskapaður með silfurbúinn staf út úr eggjum við opnun sýningar í Róm eða lætur ljósmynda sig í stásstofu sinni í skýjakljúfnum í New York með rosalegt naut sofandi á teppi framan við arininn, heldur en þegar hann hefur lokið hundrað mynda röð úr vegferð Dantes og býður sömu veröld með sér í þá hugarferð.

Í vitund Dali er allur þessi leikaraskapur þó óaðskiljanlegur hluti listarinnar og sjálfsins. Snillingur getur ekki stigið út úr hlutverki sínu, rétt eins og aðrir fara úr vinnugallanum að kvöldi. Sá sem til þess er kallaður að leysa menn úr stirðnuðum vanavíðjum og leiða þá út á ódálinsakra sjónrænnar ímyndunar, guðdómlegrar brjálsemi, hann má ekki sjálfur vera neinn Jón Jónsson í bláeinóttum sparifötum. Hann verður sífelldlega að æsa sig upp úr blindni venjuhyggjunnar, út fyrir mörk skynseminnar, og svifa þar einn og drottandi, Dali hinn Mikli. Smellið svo af og látið ljósið flæða! Flytjið fréttapýrstum heimi boðskapinn af Mér!

„Þegar ég var sex ára óskaði ég þess eins að verða Napóleón.“

Það varð ég ekki.

Þegar ég var fimmtán ára óskaði ég þess eins að verða Dalí.

Það varð ég.

Þegar ég var tuttugu og fimm ára óskaði ég þess eins að verða æsilegasti málari veraldar.

Það varð ég.

Þegar ég var þrjátíu og fimm ára ákvað ég að réttlæta líf mitt með því að taka stórstigum framförum.


Það hef ég gert.

Þegar ég var fjörutíu og fimm ára ákvað ég að mála snilldarverk sem bjargaði nútímalistinni úr ruglingi hennar og niðurlægingu.

Bók þessi er helguð því háleita áformi.“

Með þessum orðum hefst bók hans, "50 secrets of magic craftsmanship", sem út kom í New York árið 1948, en einkunnarorð hennar eru: „Það bezta sem hent getur nokkurn málara er tvennt: 1. að vera Spánverji. 2. Að heita Salvador Dalí.“

„Eini munurinn á mér og brjálæðingi er sá, að ég er ekki brjálæður.“ Þótt orð þessi virðist aðeins hótmyndni við fyrstu sýn, fela þau í sér nokkra skilningsleið að verkum Dalis. Skömmu eftir að hann „smyglaði sér inn í raðir súrrealistanna, árið 1929“, svo notuð séu orð André Bretons, formaði hann aðferðina sem hann nefndi á ensku "paranoiac-critical activity", en hún fól meðal annars í sér að listamaðurinn („snillingurinn“) opnaði sig fyrir brjálæðiskennendum ofsjónum, líkum ofskynjunum hugklofa eða ólörum drykkjumanns, og næmi myndefni sitt í því fjarskilvitlega ástandi, en ynni hinsvegar úr því með gagnrýninni beitingu þjálfunar, þekkingar og kunnáttu. Með þessari aðferð verða verk hans það sem hann kallaði





„handmálaðar ljósmyndir af draumi“. Hann rýfur „hljóðmúr veruleikans“ og sviftir þar með tjaldinu frá sviði annars veruleika: draumsins, hugaróra, hræðsludulda eða mýstiskrar, trúarlegrar upphafningar, veruleika sem alltaf hefur verið til í manningum, en umgerð efnishyggjunnar hefur svo tíðum bælt.

Salvador Dalí hefur í senn verið sakaður um að vera þjófur í paradís, plockandi geimsteinana úr meistaraverkum fortiðar, og eins um að róta í sorptunnum mannlegra sjúkleika og gera sér mat úr. Hvorugu myndi hann neita. Aðferð hans er einmitt sú, að nota jöfnum höndum myndbrot úr ytri raunveruleika – en listaarfur okkar er hluti af þeim raunheimi – og bregða upp fyrir mönnum afskræmilegum ímyndum eigin sálarlífs þeirra, oft með kynferðislegum táknum í anda Freuds. „Fegurð er summan af mannlegu óeðli“, segir hann á einum stað, og reynir enn sem áður að ganga fram af borgaralegri fagurfræði. Og enn hækkar hann róminn: „Hin þrjú stóru tákni lífsins eru Skitur, Rotnun og Blóð.“ En þótt hann taki þannig upp í sig, er katalónski snillingurinn einber augu þegar allt kemur til alls, og hann sannar það undir pensli sínum að fegurðin er í myndinni sem slíkri en engu upphrópuðu manifesti. Dalí er teiknari, málari, eðalsmiður, og beztu verk hans meðal þess fegursta í listsmíð þessarar aldar, á hvaða mælikvarða sem er.



Þegar til baka er horft, mun hátindurinn í málverki Dalís vera árin 1936 til 1940, er hann flúði Frakkland undan innrás þjóðverja og fluttist vestur um haf. Koman til New York, þeirrar Mekka auglýsingarinnar, virðist hafa orðið honum líkt og þegar hungraður maður kemst í ofmeti. Og raunar oflék hann tíðum hlutverk sitt svo, að málariinn sást varla lengur fyrir Sjálfum Dalí. Ekki bætti það heldur úr skák í augum margra fyrri aðdáenda hans, er hann fluttist aftur til Spánar árið 1948, undir vernd sjálfs Francos, gekk kaþólsku kirkjunni á hönd og tók að mála altaristöflur og myndröð um vesturför Kristófers Kólumbusar í glasúrsætum og útpynntum stil sínum. Um líkt leyti fór hann að fást við skartgripasmið og sparaði þar ekkert til, hvorki hugkvæmni né nostur, gull né gimsteina. Sé á annað borð hægt að ímynda sér það um slíka sjálfstígnun, hefur honum ef til vill fundizt hann vera hér í myndlistarlegri lægð. Altént er það, að árið 1950 hófst hann handa um það risaverk að mála eitt hundrað vatnslitamyndir við Divina Commedia Dantes, eina við hverja kviðu. Verk þetta tók hann tíu ár, fram til 1960, er tréstudumeistarinn Raymond Jacquet hóf að yfirfæra þær í littréstudungur, og lauk hann því verki árið 1962. Á sýningu þessari eru myndir úr öllum þrem hlutum Gleðileiksins guðdómlega, Vitisljóðum, Hreinsunareldinum og Paradisarljóðum.

Dantemyndirnar urðu þó ekki endirinn á slíku verki. Næst hófst hann handa um myndir við Tristan og Ísodd, sem út voru gefnar sem litprentaðar þurrnálsstungur árið 1969, og tengist teiknigleði hans þar efninu á einstaklega glæsilegan hátt. Enn leggur hann til við Tíðægri Boccaccios, og einnig með þurrnál, útgáfuár 1973, og enn við Sýnir Quevedos, 1974, en þar er handlitað ofan í þurrnálsþrykk. Dæmi eru á sýningunni úr öllum þessum röðum.

Því er ekki að neita að list þessara ára sem hér er sýnd, frá 1960 til 1974, er ekki lengur, nema með glömpum, það sem bezt gerist í list Dalís. En glampar eru þar, óviðjafnanlegir. Teikningar eru þar sem bera aðalsmerki meistarans, myndsyn sem hæfir skáldflugi Dantes, blautlegum ísmeygileik Boccaccios' og heiði Tristankvæðis. Því er það mikill fengur okkur, sem nú eigum þess kost, að dveljast um stund í nálægt þessa aldna meistarans og guðdómlega trúðleikara frá Figueras.

Björn Th. Björnsson



# Salvador Dalí

- 1904 fæddur í Figueras, nyrzt á Austur-Spáni.
- 1921 gerist nemandi við listháskólann í Madrid. Kynnist Federico Garcia Lorca og Luis Bunuel.
- 1925 tekur enn upp nám við listaháskólann eftir brottvisun um nokkurt skeið. Heldur fyrstu einkasýningu sína í Barcelóna; kynnist verkum Freuds.
- 1926 vísað úr listaháskólanum.
- 1927 lýkur málverkinu „Blóð er hunangi betra“, sem spáir fyrir um síðari súrrealísk verk. Fer í fyrsta sinn til Parísar.
- 1928 heimsækir París í annað sinn. Kynnist Picasso og André Breton. Landi hans, Miró, kynnir hann súrrealistunum.
- 1929 beinir málverki sínu að fullu inn á braut draumsýna og hræðsludulda, í anda táknfræði Freuds. Flyzt að fullu til Parísar og heldur fyrstu einkasýningu sína þar.
- 1929–30 verður fyrir áhrifum Art Nouveau og verka arkitektsins Antoni Gaudi frá Barcelóna.
- 1930 gefur út ritið „La femme visible“ (Sýnilega konan), þar sem hann skýrir m.a. aðferð sína, „virkjun gagnrýnnar ofsóknarhræðslu“.
- 1930–33 malar einkum þemu úr Wilhelm Tell og notar „Dauðaeypju“ Böcklins og „Málarinn í vinnustofu sinni“ eftir Vermeer sem hugmyndavaka verka sinna.
- 1933 fyrsta einkasýningin í Bandaríkjunum. Malar undir áhrifum „Angelus“ eftir Millet.
- 1934 vísað úr hópi súrrealistanna. Fer í fyrsta sinn til Bandaríkjanna.
- 1937–39 malar undir æ sterkari áhrifum Vermeer, Velasques og Palladios.
- 1939 setur upp „súrrealískan sýnisglugga“ í stórverzluninni Bonwitt Teller í New York.
- 1940 flýr Frakkland undan innrás Þjóðverja, fyrst til Spánar, en síðan til Bandaríkjanna, þar sem hann sezt að.
- 1941 haldin mikil yfirlitssýning verka hans í Museum of Modern Art í New York.
- 1942 gefur út sjálfsævisöguna „The secret life of Salvador Dalí“.
- 1945 starfar með kvikmyndastjóranum Hitchcock að kvikmyndagerð. -
- 1946–48 myndskreytir bækur, gerir leiktjöld við balletta og kvikmyndir.
- 1948 gefur út bókina „50 secrets of magic craftsmanship“. Flyzt til Spánar og sezt að í Port Lligat. Tekur opinberlega kapólska trú og fer að mála trúarlegar myndir.
- 1950 byrjar á röð 100 vatnslitamynda við Gleðileikinn guðdómlega eftir Dante Alighieri.
- 1951 gefur út bókina „Manifeste mystique“, sem eru einskonar listræn dulvísindi kjarnorkufræðinnar.
- 1955 altaristaflan „Síðasta kvöldmáltíðin“ afhjúpuð.
- 1959 lýkur við myndröðina um Ameríkufund Kristófers Kólumbusar.
- 1964 haldin mikil yfirlitssýning á verkum hans í Tókíó.
- 1966 taka kvikmyndar hans, „Soft selfportrait“.
- 1969 gerir myndröð með þurrnál við Tristan og Ísodd.
- 1970 vinnur að uppsetningu Dalisafnsins í fæðingarbæ sínum, Figueras.
- 1973 myndröð við Tidægru Boccaccios.
- 1973–74 yfirlitssýningar á verkum hans í Louisiananasafninu við Kaupmannahöfn og í Moderna Museet, Stokkhólmi.
- 1977–78 yfirlitssýning á verkum hans í Amsterdam og Brussel.



Úr myndröðinni: Gleðileikurinn guðdómlegi  
(Divina Commedia) eftir Dante

	nr. 2	lituð trérista	
58. í viti	- 12	- -	1960
59. í paradís	- 31	- -	1960
60. í -	- 30	- -	1960
61. í -	- 14	- -	1960
62. í hreinsunareldinum	- 26	- -	1960
63. í viti	- 18	- -	1960
64. í -	- 5	- -	1960
65. í -	- 19	- -	1960
66. í paradís	- 21	- -	1960
67. í hreinsunareldinum	- 28	- -	1960
68. í -	- 32	- -	1960
69. í -	- 12	- -	1960
70. í viti	- 17	- -	1960
71. í paradís	- 22	- -	1960
72. í -	- 16	- -	1960
73. í viti	- 29	- -	1960
74. í -	- 33	- -	1960
75. í hreinsunareldinum	- 17	- -	1960
76. í viti	- 9	- -	1960
77. í -	- 10	- -	1960
78. í -	- 24	- -	1960
79. í hreinsunareldinum	- 8	- -	1960
80. í -	- 22	- -	1960
81. í viti	- 7	- -	1960
82. í -	- 27	- -	1960
83. í hreinsunareldinum	- 13	- -	1960
84. í paradís	- 6	- -	1960
85. í -	- 26	- -	1960
86. í -	- 10	- -	1960
87. í -	- 29	- -	1960
88. í -	- 27	- -	1960
89. í viti	- 33	- -	1960
90. í -	- 15	- -	1960
91. í -	- 13	- -	1960
92. í -	- 8	- -	1960
93. í -			1960
94. „Fundur Ameríku“		litóprent	1973
95. „Claulegnio“		steinbrykk upphleypt	1972
96. „Pegasus“		- -	1972
97. Glæpurinn (úr De Sade)		- -	1969
98. „Sancta Lucia“		- -	
99. Gobelinteppi „The persistence of Memory“ ofið í París 1931 eftir fyrirmynd og undir stjórn Dalís.			
100. Bókin „Decamerone“ eftir Boccaccio með 10 handlituðum þurnálsmyndum.			
101. Myndastytta, brons.			
102. Myndastytta, silfur.			

UPPSETNING SÝNINGAR:

Jóhannes Jóhannesson  
Konráð Axelsson

SETNING OG PRENTUN:

Prentsmiðja Árna Valdemarssonar hf.



MYNDKYNNING

Ármúla 1  
Pósthólf 1151  
121 Reykjavík  
Sími 82420